

AUGLÝSING

um staðfestingu sjávarútvegsráðuneytisins á verðgrundvelli á
freðfiski fyrir framleiðslutímabilið 1. janúar til 31. maí 1974.

Með skírskotun til laga nr. 72 28. maí 1969, um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins og samkvæmt tillögum stjórnar Verðjöfnunarsjóðs, hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi grundvallarverð á freðfiski fyrir framleiðslutímabilið 1. janúar til 31. maí 1974:

Þorskur:

US cent á lb. Cif.

4 × 14 m/r interl.	65.00
4 × 14 r/l og 8 × 7 r/l	73.00
10 × 5, 3 × 18 og 4 × 12	91.50
5 × 10	94.20
4 × 15	96.00
12 × 1	96.00
Blokk	84.00
Blokk 24½	85.00

Ýsa:

4 × 14 m/r interl.	70.00
10 × 5 og 3 × 18	96.00
12 × 1	100.50
Blokk	87.00

Steinbítur:

10 × 5	75.50
12 × 1	74.20
Blokk	73.00

Karfi:

8 × 7 m/r	52.80
10 × 5 m/r	54.00
10 × 5 r/l	57.60
12 × 1	61.10
Lausfr. m/r og b.	60.00
Lausfr. m/r, b/l	65.00
Blokk	65.00

Ufsi:

8 × 7 r/l	38.90
10 × 5	55.50
Blokk	55.00

Langa:

US cent á lb. Cif.

8 × 7	44.30
10 × 5	85.00
Blokk	77.00

Grálúða:

Blokk, U.S.S.R.	55.90
Blokk, U.S.A.	59.00

Heilfr. fiskur 21.50

Viðmiðunarverð er reiknað á viðskiptagengi krónu gagnvart Bandaríkjadólar 7. janúar 1974 (§ 1 = 85.00).

Verðbil verði 3%, en 10% fyrir U.S.S.R. framleiðslu. Miðast þessi verðbil við verðhækkun eingöngu. Greiðslur í sjóðinn miðast við 50% af verðbreytingu frá grundvallarverði að viðbættu verðbili, en greiðslur úr sjóðnum miðast við 50% af verðbreytingu frá grundvallarverði án verðbils.

Sjávarútvegsráðuneytið, 4. febrúar 1974.

Jón L. Arnalds.

Gylfi Þórðarson.

Nr. 68.

7. febrúar 1974.

AUGLÝSING

um umferð í Vestmannaeyjum.

1. Vegna eldgoss á Heimaey voru öll umferðarmerki tekin niður þann 8. mars 1973. Eru hér með felldar úr gildi öll þágildandi sérákvæði um umferð í Vestmannaeyjum.
 2. Með vísan til 65. gr. laga nr. 40 23. apríl 1968 og að fengnum tillögum bæjarstjórnar Vestmannaeyja, hafa eftirfarandi takmarkanir á umferð verið ákveðnar.
 - A. Umferð um allar aðliggjandi götur, að **Hlíðarvegi** frátöldum, hafi biðskyldu gagnvart **Strandvegi**.
 - B. Umferð um allar aðliggjandi götur hafi biðskyldu gagnvart **Kirkjuvegi**.
 - C. Umferð um allar aðliggjandi götur hafi biðskyldu gagnvart **Heiðavegi** nema **Strandvegur** og **Kirkjuvegur**. (Sbr. A og B.)
 - D. Umferð um allar aðliggjandi götur hafi biðskyldu fyrir **Skólavegi**, sem nú nær niður á **Vesturveg**, nema **Kirkjuvegur**. (Sbr. B.)
 - E. Umferð um allar aðliggjandi götur hafi biðskyldu fyrir **Dalavegi**.
 - F. Umferð um **Bárustíg** hafi biðskyldu gagnvart **Vestmannabraut** og **Vesturvegi**.
 - G. Umferð um **Miðstræti** hafi biðskyldu gagnvart **Bárustíg**.
 - H. Umferð um **Herjólfs götu** hafi biðskyldu gagnvart **Vesturvegi**.
- Framangreindar reglur taki gildi 15. febrúar n. k.

Bæjarfógetinn í Vestmannaeyjum, 7. febrúar 1974.

Kristján Torfason.